

Atvinnuveganefnd Alþingis vegna veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða

(grásleppu)

Ég er sammála því að setja grásleppuna í aflamark. Það er búið að vera mikið óvissuástand í grásleppuveiðum rúman síðasta áratug. Menn vita aldrei við hverju má búast með dagafjölda og heildarmagn sem veiða má hverju sinni. Dagarnir byggja á ráðgjöf frá Hafró og þær upplýsingar koma aldrei fyrir en veiðar eru hafnar. Það er ópolandi og erfitt að gera út á þessum forsendum. Þetta eru ólympískar veiðar sem byggjast frekar á heppni og keppni því að um leið og veiðarnar hefjast byrja dagarnir að telja fyrir hvern bát og þá er allt undir að menn hafi eitthvað út úr vertíðinni. Aflabrögð byggja á, auk fiskgengdar, hagstæðu veðri og góðri sjósókn því hver dagur skiptir máli varðandi afkomuna. Menn gætu freistast til að fara á sjó í tvísýnum veðrum vegna þess að net liggja í sjó og afkoman bundin dögum. Því tel ég aflamark einu raunhæfu leiðina.

Hér áður fyrr voru gefnir út 90 dagar til veiða og var ekki gefið út heildarveiðimagn frá Hafró. Síðustu 14 árin höfum við verið að rokka frá 15 dögum upp í 45 daga og skera netafjöldann niður um 1/3. Nú er farið að loka veiðisvæðum til verndunar landsel og hvatning til okkar veiðimanna að halda okkur frá svæðum þar sem landselur og teista eru í einhverjum mæli. Þetta þrengir að okkur því fyrst og fremst erum við að þessu til að hafa einhverja afkomu af. Með kvótasetningu kemur mikill sveigjanleiki til að stunda veiðarnar á hagkvæman hátt, t.d. að fyrst og fremst veiðimaðurinn ráði sínum hraða til að afla þess magns sem hann hefur heimildir til.

Tíðrætt hefur verið um nýliðun í grásleppuveiðum. Hún er svo til engin og mun áfram verða þannig við núverandi aðstæður þar sem veiðarnar teljast varla útgerðarhæfar, startkostnaður til að hefja veiðar er mikill í tækjum og netum. Það sem menn taka heldur aldrei með inn í reikninginn þegar verið er að tala um útgerðarhlutann í veiðunum er sú mikla vinna sem til fellur við fellingu netanna og vinnan við frágang eftir vertíð. Þannig að ef ungt fólk ætlar að byrja útgerð þá velur það síst grásleppuveiðar og leitar frekar til strandveiða þar sem þær hafa breyst til batnaðar undanfarin ár og stofnkostnaður mun lægri. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nýliðapotti 5,3% af heildarkvóta sem er að mínu mati gott skref og eykur möguleika á því að ungt fólk með áhuga á því að stunda veiðarnar til framtíðar leggi í að hefja rekstur. Með kvótasetningu sé ég því frekar möguleika fyrir fólk að byrja grásleppuútgerð þegar vitað er að hverju er gengið. Óvissan í núverandi kerfi er ekki bjóðandi þeim sem eru að reyna að hafa ofan í sig og á með þessari atvinnu, þurfa að ráða mannskap og vera klár með úthaldið en vita ekki hvað er framundan.

Í frumvarpinu er komið í veg fyrir samþjöppun aflaheimilda með því að hver bátur megi einungis eiga 1,5 % af heildaraflamarki grásleppu. Ég styð hugmynd varðandi staðbundin veiðisvæði við

grásleppuveiðar en tel mikilvægt að ávallt sé haft samráð við heimamenn þegar svæðin eru ákvörðuð. Þessu fagna ég og tel að með þessu yrði svipuð dreifing veiða kringum allt land og því þurfi ekki að hafa stórar áhyggjur af samþjöppun. En um leið eru grásleppuveiðar orðnar útgerðarhæfar og möguleikinn til að efla útgerðina til staðar upp að vissu marki. Það mætti jafnvel tryggja það að grásleppubátar verði aldrei stærri en 15 brúttótonn.

Valentínus Guðnason, Stykkishólmi.

Gerði fyrst út á grásleppu árið 1982 með hléum en samfelld öll sumur síðustu 17 árin.

Situr í stjórn Batafélagsins Ægis í Stykkishólmi